158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 341 — 115. mál.

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Hildi Sverrisdóttur um auglýsingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hafa ráðuneytið og stofnanir þess varið miklu fé í auglýsingar á síðastliðnum fjórum árum? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum, tegund auglýsingamiðils, hvort miðillinn telst til fjölmiðils eða samfélagsmiðils og hvort miðillinn er innlendur eða erlendur.

Heildarkostnaður ráðuneytisins og stofnana þess við birtingu auglýsinga á síðastliðnum fjórum árum frá september 2022 hefur verið tekinn saman. Birtingarkostnaður er flokkaður eftir mánuðum og hvort birtingar eru í innlendum eða erlendum miðlum. Í innlendum miðlum eru birtingar flokkaðar í tvennt; fjölmiðla og aðra miðla.

Í meðfylgjandi töflu er birtur samanlagður birtingarkostnaður hjá innviðaráðuneyti, Byggðastofnun, Fjarskiptastofu, Samgöngustofu og Vegagerðinni. Enginn kostnaður fellur til vegna auglýsinga hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Tilgreindur er birtingarkostnaður vegna auglýsinga- og kynningarherferða, (almanna-heillaauglýsinga), funda, viðburða og ráðstefna, atvinnuauglýsinga og ýmissa annarra til-kynninga. Kostnaður vegna lögbundinna birtinga í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaði er undanskilinn. Allar upphæðir eru í krónum.

Ráðuneyti og stofnanir leggja ríka áherslu á að birta auglýsingar í íslenskum fjölmiðlum. Stofnanir ráðuneytisins hafa margar hverjar lögum samkvæmt ríka tilkynningarskyldu og/eða sinna lögbundnu fræðslu- og kynningarstarfi. Áhersla er lögð á birtingar í innlendum miðlum en til að ná til allra markhópa geta staðið fagleg rök til þess að birta auglýsingar á völdum erlendum samfélagsmiðlum samhliða birtingum í íslenskum fjölmiðlum. Einkum á það við um almannaheillaauglýsingar og átaksverkefni þegar sérstaklega þarf að ná til sérstakra hópa, t.d. ungmenna, eða í þeim tilvikum þegar miðla þarf upplýsingum um staðbundna viðburði og kynningarfundi á tilteknum svæðum.

	Innlent		Erlent	
Ár – mánuður	**Fjölmiðill**	**Ekki fjölmiðill**	**Samfélagsmiðill**	**Samtals**
2022-09	2.579.136	569.803	469.326	3.618.265
2022-10	2.653.423	135.866	131.721	2.921.010
2022-11	3.084.306	212.925	242.501	3.539.732
2022-12	6.614.755	137.184	932.518	7.684.457
2023-01	6.082.150	1.089.376	490.683	7.662.209
2023-02	1.297.769	519.832	284.577	2.102.178
2023-03	1.688.903	152.513	284.181	2.125.597
2023-04	1.464.432	240.703	238.486	1.943.621
2023-05	2.328.493	533.394	314.893	3.176.780
2023-06	3.648.615	547.510	275.239	4.471.364
2023-07	4.161.940	0	486.402	4.648.342

2023-08	2.800.385	55.778	867.060	3.723.223
2023-09	1.179.307	227.184	276.628	1.683.119
2023-10	12.114.685	5.585.099	250.695	17.950.479
2023-11	2.221.071	0	334.108	2.555.179
2023-12	1.851.927	0	254.233	2.106.160
2024-01	6.167.398	2.867.773	134.757	9.169.928
2024-02	2.457.533	835.439	675.960	3.968.932
2024-03	1.716.559	135.020	117.857	1.969.436
2024-04	578.769	358.794	20.850	958.413
2024-05	5.306.914	988.949	314.640	6.610.504
2024-06	3.179.974	487.780	49.101	3.716.855
2024-07	1.414.098	66.960	144.270	1.625.328
2024-08	750.069	81.195	246.674	1.077.938
2024-09	1.307.205	114.700	343.287	1.765.192
2024-10	1.801.622	1.094.184	51.072	2.946.878
2024-11	2.978.140	997.046	276.576	4.251.762
2024-12	5.206.722	1.458.860	83.137	6.748.719
2025-01	4.386.620	1.541.102	176.963	6.104.685
2025-02	1.306.581	610.734	244.166	2.161.481
2025-03	1.199.681	313.540	709.393	2.222.614
2025-04	1.942.629	1.150.469	816.037	3.909.135
2025-05	3.429.599	713.054	750.921	4.893.574
2025-06	2.346.563	1.729.817	988.511	5.064.891
2025-07	933.796	928.663	860.142	2.722.601
2025-08	4.092.513	717.693	1.220.868	6.031.074
2025-09	1.890.762	213.694	546.724	2.651.180
2025-10	632.690	379.775	370.066	1.382.531
2025-11	3.970.981	202.492	178.829	4.352.302
2025-12	3.653.473	1.120.323	668.592	5.442.388
2026-01	1.472.691	88.493	0	1.561.184
2026-02	1.317.936	533.076	13.375	1.864.387
2026-03	1.978.327	43.724	34.305	2.056.356
2026-04	1.680.024	280.421	15.998	1.976.443
2026-05	1.743.282	687.005	83.676	2.513.963
2026-06	1.508.944	125.113	1.430	1.635.487
2026-07	1.008.147	0	2.593	1.010.740
2026-08	1.078.857	77.330	89.483	1.245.670
2026-09	853.320	36.058	0	889.378
Samtals	**156.646.035**	**33.114.476**	**18.834.514**	**208.595.025**
Prósenta	**75%**	**16%**	**9%**	**100%**